

Drög að ályktun 42. þing ASÍ um vinnumarkaðinn**Upprætum brotastarfsemi á vinnumarkaði - Það bera allir ábyrgð!**

Þensla í íslensku atvinnulífi kallar á mikla fjölgun erlends launafólks á vinnumarkaði og fyrirséð er að sú þróun muni halda áfram á næstu árum. Samhliða hefur brotastarfsemi sem einkum beinist gegn útlendingum og ungu fólki, farið hraðvaxandi. **Verst** er ástandið í ferðabjónustu, byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Aðrar greinar eru heldur ekki undanskildar. Í mörgum tilfellum er um einbeittan brotavinja atvinnurekenda að ræða og þegar verst lætur, hreint vinnumansal. Það tapa allir á þessari brotastarfsemi nema svindlararnir:

- Útlendingarnir og unga fólkið sem njóta ekki þeirra kjara og réttinda sem þeim ber.
- Þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði, vegna þess að grafið er undan þeim kjörum og réttindum sem hér gilda
- Heiðarleg fyrirtæki, vegna þess að grafið er undan samkeppnisstöðu þeirra
- Samfélagið allt, vegna þess að grafið er undan grunnstöðum samfélagsins

Kennitölufلاك og svört atvinnustarfsemi eru einnig alvarleg meinsemd á vinnumarkaði og í atvinnulífinu sem skaða launafólk og samfélagið allt.

Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa sameinast um verkefni sem beint er gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með yfirskriftinni EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! Við höfum lagt áherslu á að skipuleggja upplýsingagjöf og efla eftirlit á vinnustöðum. Jafnframt hefur verið tekið upp samstarf við opinberar stofnanir um vinnustaðaeftirlitið og eftirfylgni með því. Við höfum náð árangri en það þarf að gera miklu betur.

Það þarf að uppræta brotastarfsemina og það strax.

- Bæta og styrkja löggjöf á vinnumarkaði:
 - Uppræta kennitölufلاك, með aukinni ábyrgð forsvarsmanna fyrirtækja
 - Keðjuábyrgð, ábyrgð verkkaupa og aðalverktaka, nái til launa og annarra starfskjara starfsmanna undirverktaka og starfsmannaleiga
 - Auka heimildir stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar til eftirlits og upplýsinga um laun og önnur starfskjör á vinnumarkaði
 - Heimildir stjórnvalda til að beita viðurlögum, fjársektum og stöðva starfsemina, verði eflar. Það á ekki að gefa brotafyrirtækjum „annað tækifæri“.
- Auka þarf samstarf stjórnvalda, þ.m.t. sveitarfélaga, og stéttarfélaga í vinnustaðaeftirliti, upplýsingamiðlun og eftirfylgni þegar um brotastarfsemi er að ræða.
- Vitundarvakning með aukinni fræðslu og upplýsingamiðlun um alvarlegar afleiðingar brotastarfseminnar

Það er mikilvægt að Alþýðusambandið og aðildarsamtök taki frumkvæði og sýni afl sitt í verki:

- Beita sér fyrir úrbótum á löggjöf, styrkja framkvæmdina og veita nauðsynlegt aðhald
- Leggja þarf aukinn kraft og fjármuni í starf verkalýðshreyfingarinnar undir merkjum „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“
- Efla vinnustaðaeftirlit, upplýsingamiðlun og eftirfylgni
- Auka fræðslu til trúnaðarmanna og starfsmanna stéttarfélaganna og virkja þá í starfinu